



Alþingi  
Erindi nr. P 139/339  
komudagur 22.11.2010

F I S K I S T O F A

DIRECTORATE OF FISHERIES

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði Íceland

T: +354 569 7900 F: +354 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

www.fiskistofa.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 19. nóvember 2010

Efni: Svör við spurningum Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar 10. nóvember 2010 voru fulltrúar Fiskistofu beðnir að kynna nefndinni afstöðu stofnunarinnar til frumvarps til fjárlaga 2011. Einnig voru spurningar lagðar fyrir fulltrúa Fiskistofu og þess óskað að stofnunin sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd svör sín. Eftirfarandi eru þær spurningar sem bornar voru upp við Fiskistofu og svör stofnunarinnar við þeim:

1. Hver er þróunin hvað varðar fjölda starfa á vegum Fiskistofu utan höfuðborgarsvæðisins undanfarin tvö ár?

Taflan hér til hliðar sýnir hvernig fjöldi starfsmanna í starfsstöðvum Fiskistofu á landsbyggðinni hefur þróast undanfarin ár. Eins og sjá má þá létu tveir starfsmenn af störfum árið 2009 og ekki var ráðið í staðinn fyrir þá. Á þessu ári lét einn starfsmaður á Ísafirði af störfum og var þá ráðinn starfsmaður í Stykkishólm þar sem starfsstöðin í Stykkishólmi var mjög undirmönnuð með einungis tveimur starfsmönnum, en Fiskistofa hefur tekið þá ákvörðun að ráða ekki í störf sem losna nema brýn nauðsyn krefjist þess.

	2008	2009	2010
Akureyri	5	5	5
Ísafjörður	3	3	2
Stykkishólmur	3	2	3
Grindavík	4	4	4
Vestmannaeyjar	3	2	2
Höfn	3	3	3
Samtals:	21	19	19

2. Leiðir fyrirhugaður niðurskurður skv. frumvarpi til fjárlaga til niðurlagningar starfsstöðva Fiskistofu á landsbyggðinni?

Enn sem komið er hefur ekki þurft að grípa til þess að leggja niður starfsstöðvar Fiskistofu á landsbyggðinni en áframhaldandi samdráttur getur á endanum knúið stofnunina til þess að grípa til slíkra ráðstafana. Komi til þess að leggja þurfi niður starfsstöðvar, sem ekki er útilokað að verði á árinu 2011, mun Fiskistofa leggja til að starfsstöðinni í Grindavík verði lokað og störf þeirra fjögurra eftirlitsmanna sem þar starfa verði flutt til Hafnarfjarðar. Það er tiltölulega sársaukalltíll framkvæmd þar sem þeir eftirlitsmenn sem þar starfa voru með starfsstöð í Hafnarfirði en stöður þeirra voru fluttar til Grindavíkur með tilkomu starfsstöðvarinnar þar. Sú aðgerð að loka starfsstöðinni í Grindavík myndi spara Fiskistofu húsnæðiskostnað og rekstrarkostnað því fylgjandi auk þess sem betri nýting fengist á bifreiðar stofnunarinnar. Verði áframhaldandi niðurskurður árið 2012 kemur til skoðunar að loka fleiri starfsstöðvum og/eða að segja upp starfsfólki.

3. Er hægt að fá send yfirlit yfir þróun sértekna Fiskistofu síðastliðin 3-5 ár?

Á töflunni hér til hliðar má sjá hvernig sértekjur Fiskistofu hafa þróast á síðustu árum. Tölurnar sýna hækkun sem nemur um 10 milljónum á milli ára sem skýrist að stærstum hluta af því að árið 2008 fékk Fiskistofa styrk úr VS sjóði kr 11,5 milljónir til að standa straum af kostnaði við leigu á skipi til eftirlits á grunnslóð. Árið 2009 fékk Fiskistofa greiddan styrk vegna svokallaðs CEDER verkefnis tæpar 9,4 milljónir kr auk þess að stofnunin hóf það ár að innheimta af erlendum uppboðsmörkuðum kostnað sem til fellur við eftirlit með mörkuðunum og nam sá kostnaður 10,9 milljónum kr árið 2009.

2007	14.544.070
2008	24.514.136
2009	34.038.619

4. Hver eru áform Fiskistofu um gjaldskrárhækkanir og hvaða tekjur er hægt að auka á þessu ári?

Fiskistofa hefur lagt til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið breytingu á gjaldtökuákvæðum laga sem felur í sér hækkun á eftirfarandi gjaldtökuliðum:

- gjaldi vegna flutnings aflamarks
- gjaldi fyrir almennt veiðileyfi
- gjaldi vegna flutnings aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar
- Kostnaði útgerða vegna eftirlits með vinnsluskipum

Ekki liggur fyrir á þessum tímavarki hvort tillögur Fiskistofu nái fram að ganga.

5. Getur Fiskistofa sent nefndinni yfirlit yfir tekjuaukningu vegna útgáfu veiðileyfa undanfarin ár?

Taflan hér til hliðar sýnir þróun tekna Fiskistofu vegna útgáfu veiðileyfa árin 2006 til 2009. Sérstaka athygli vekur mikil hækkun þessara tekna árið 2009 sem skýrist að stærstum hluta með tilkomu strandveiða, en leyfi til strandveiða árið 2009 voru 595 og voru greiddar kr 17.500 fyrir hvert leyfi.

2006	10.413.000
2007	9.257.000
2008	10.482.000
2009	22.313.000

6. Hvaða heimildir eða tækifæri hefur Fiskistofa til að auka sértekjur sínar?

Fiskistofa hefur nú til skoðunar og hefur lagt til að stofnunin fái heimild til að taka gjald fyrir sérvinnslu upplýsinga úr gagnagrunnum stofnunarinnar. Ekki er á þessum tímavarki hægt að áætla hversu miklar slíkar tekjur geta orðið.

7. Sér Fiskistofa fyrir að stofnunin geti sameinast fleiri stofnunum en Verðlagsstofu skiptaverðs á næstu árum?

Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs hafa ekki verið sameinaðar en Fiskistofu hefur verið falið að reka Verðlagsstofu og annast þá framkvæmd sem Verðlagsstofa hefur með höndum. Fiskistofa sér ekki fyrir að stofnunin geti sameinast öðrum stofnunum á næstu árum en tækifæri eru til aukins samstarfs og samþættingar verkefna t.d. hvað varðar eftirlit það sem Matvælastofnun annast með sjávarafla og -afurðum og einnig samnýtingar á húsnæði og öðrum búnaði á landsbyggðinni.

8. Hversu miklar tekjur gefa makrílveiðileyfi stofnuninni á þessu ári?


*Alls gaf Fiskistofa út 107 leyfi til veiða á makríl á þessu ári. Fyrir hvert leyfi voru greiddar 17.500 kr og því eru heildartekjur Fiskistofu vegna makrílveiðileyfa árið 2010 kr 1.872.500. Rétt er að benda á í því sambandi að tilkoma makrílveiðileyfa kölluðu á umtalsverða vinnu vegna útgáfu leyfanna og ekki síður ráðstöfun veiðiheimilda í makríl.*

9. Hvaða möguleika hefur stofnunin til samstarfs við Landhelgisgæsluna með hagræðingu að markmiði?

*Umfangsmesta verkefni Fiskistofu hvað veiðieftirlit varðar er vigtun og skráning sjávarafla. Landhelgisgæslan hefur enga aðkomu að þeim verkefnum og því eru ekki miklir samstarfsmöguleikar á þeim vettvangi. Fiskistofa og Landhelgisgæslan halda samráðsfundi á tveggja mánaða fresti til þess vinnu að sameiginlegum viðfangsefnum og leita leiða til að auka samstarf. Hefur það m.a. leitt það af sér að stofnarnar hafa með sér samstarf um veiðieftirlit á grunnslóð yfir sumartímann sem er mjög hentug og hagkvæm leið til að sinna eftirliti með smábátum og hefur komið sér vel með tilkomu strandveiða. Báðar stofnanirnar hafa lýst yfir miklum áhuga á því að auka samstarf og munu vinna áfram að auknu samstarfi.*

*Rétt er að nefna í þessu sambandi að Fiskistofa hefur nýlega undirritað samstarfssamning við Tollstjóraembættið og er tilgangurinn með því samstarfi að styrkja eftirlit með inn- og útflutningi á fiski og sjávarafurðum. Fiskistofa og Tollstjóri stefna einnig að því að halda sameiginleg námskeið ásamt því að gera skýrsluskil vegna útflutnings skilvirkari og hagkvæmari fyrir hagsmunaaðila og stjórnvöld. Fiskistofa hefur til skoðunar möguleika á samstarfi við aðrar stofnanir sem gagnlegt og hagkvæmt getur verið að hafa samstarf við.*

F.h. Fiskistofu



Eyþór Björnsson

fiskistofustjóri